



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2022

Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu N1 ehf. að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar

I.

Málsmeðferð

Þann 17. september 2021 kom starfsmaður Neytendastofu í verslun N1 að Friðarhöfn í Vestmannaeyjum, í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í versluninni var ábótavant. Þá voru sérstakar athugasemdir gerðar um að margar vörur skorti verðmerkingar inni í versluninni ásamt vörum bakvið afgreiðsluborð og í kælum.

Starfsfólk N1 kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda N1 ehf. bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til N1, dags. 23. september 2021, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til N1 að koma verðmerkingum í betra horf í verslun sinni að Friðarhöfn. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Hinn 17. nóvember 2021, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant. Þá voru gerðar sérstakar athugasemdir um



að verðmerkingar vantaði enn á fjölda vara í verslun, á bak við afgreiðsluborð og í kæli í afgreiðsluborði.

Með bréfi Neytendastofu til N1, dags. 25. nóvember 2021, var félaginu gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Í svari N1 ehf., dags. 6. desember 2021, kom fram að það hefði verið farið yfir verðmerkingar í versluninni sem væru nú komnar í lag.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur N1 ehf. ekki sinnt fyrir mælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrir mæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“



Samkvæmt ákvæðunum ber N1 að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í verslun N1 að Friðarhöfn þær að verðmerkingum í versluninni var ábótavant. Þá voru gerðar sérstakar athugasemdir um að margar vörur skorti verðmerkingar ásamt því að verðmerkingar á vörum bakvið afgreiðsluborð og í kælum voru ófullnægjandi. Neytendastofu barst tilkynning um að búið væri að koma verðmerkingum í versluninni í rétt horf. Það breytir ekki þeirri staðreynd að verslunin hafði ekki unnið bót á verðmerkingum innan þess sem frests sem stofnunin veitti henni áður en til síðari skoðunar kom. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun var N1 gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni að Friðarhöfn og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til N1 að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnslulaga og jafnræðisreglu stjórnslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á N1, stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„N1 ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun sinni að Friðarhöfn í Vestmannaeyjum.



Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á N1 ehf. að fjárhæð kr. 100.000 (eitt hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 2. febrúar 2022

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir